

Fréttapistill frá forseta Íslands

17. maí 2021

Spennandi sumarstörf eru í boði við embætti forseta Íslands. Leitað er námsmanna til að skrá og safna heimildum um sögu Bessastaða og einnig til að skanna og skrá ýmis gögn embættisins. Nánari upplýsingar má sjá hér: www.forseti.is/fréttir/2021-05-12-sumarstoerf-auglyst

Þriðjudaginn 11. maí átti ég fund með Höllu Hrund Logadóttur, framkvæmdastjóra Miðstöðvar norðurslóða, Arctic Initiative, við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Síðar í sumar tekur Halla Hrund við stöðu orkumálastjóra hér á landi. Við ræddum um áskoranir og tækifæri á vettvangi endurnýjanlegrar orku, framtíð norðurslóða og skyld málefni. Gott var að eiga þetta samtal í ljósi fyrirhugaðra funda með Anthony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, í tengslum við ráðherrafund Norðurheimskautsráðsins í Reykjavík í þessari viku.

Reglulegri farfuglar gerðu líka vart við sig á Álftanesi í síðustu viku. Hér á Bessastöðum sást til kríu á þriðjudaginn var en sveitungar mínir segjast hafa orðið hennar varir enn fyrr, eða um síðustu helgi. Hér rak líka á fjöru súlu. Kannski veiktist hún, kannski mat hún grynningar vitlaust og rotaðist við að stinga sér eftir æti. Svo er önnur saga að því miður kemur fyrir að gæsir og aðrir fuglar verða fyrir bilum hér á nesinu. Ég minni Álftnesinga og aðra á að aka varlega um Álftanesveg og aðra vegi hér.

Á miðvikudaginn var sótti ég tónleika Ellenar Kristjánsdóttur og Eyþórs Gunnarssonar í Reykholtskirkju í Borgarfirði. Þakka ég kærlega fyrir ljúfa kvöldstund þar.

Síðastliðinn föstudag tók ég þátt í fjarfundi um „Christchurch Call“, átak til að koma í veg fyrir misnotkun internetsins og samfélagsmiðla í þágu öfga og ofbeldis. Jacinda Ardern, forsætisráðherra Nýja Sjálands, og Emmanuel Macron Frakklandsforseti hrintu þessu framtaki úr vör eftir hryðjuverkaárásir í Christchurch á Nýja Sjálandi í hittifyrri. Í máli mínu benti ég á að enginn væri óhultur gagnvart slíkri ógn og Íslendingar vildu leggja sitt af mörkum til að sporna gegn hatursorðræðu á netinu. Um leið þarf að verja frelsi fólks til að segja hug sinn, láta í ljós óvinsælar skoðanir sem falla ekki í kramið hjá fjöldanum. En þá ættu þau, sem hampa slíkum sjónarmiðum, ekki að kveinka sér ef undirtektir eru dræmar. Það er ekki þöggun.

Í upphafi greinar Rúnars Helga Vignissonar, rithöfundar, þýðanda og prófessors, í nýjasta hefti Tímarits Máls og menningar er vitnað í ræðu mína við innsetningu í embætti forseta í fyrra, orð sem eiga við í þessum efnunum: „Blessunarlega erum við ólík um margt en saman metum við þó langflest víðsýni og mildi, fjölbreytni og frelsi. Höldum því áfram en forðumst um leið að festast í þröngri rétt hugsun, verða ofurviðkvæm fyrir öndverðum skoðunum og hneykslast á hinu og þessu í kringum okkur. Látum það ekki sannast um okkur sem karlinn sagði, eða var það kerlingin?

„Mér líður best þegar mér finnst allt verst.““ Frekari upplýsingar um „Christchurch Call“ má sjá hér: <https://www.christchurchcall.com/>.

Sem fyrr er auðvelt að finna fregnir af hörmungum og átökum víða um heim. Á föstudaginn var hvatti António Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, til þess að látið yrði af hvers kyns árásum á Gaza og Ísrael og undir þau orð er tekið. Fjöldi Palestínumanna hefur fallið í loftárásum Ísraels hers á byggingar á hernumdum slóðum, þeirra á meðal börn og ungmenni.

Vonandi færir ný vika í það minnsta stundarfrið fyrir botni Miðjarðarhafs. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.